

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnésinga.

Fundur stjórnar Listasafns Árnésinga, haldinn 10. apríl 2018 kl.15:00 í Listasafni Árnésinga. Mættir eru Aldís Hafsteinsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Inga Jónsdóttir safnstjóri og Brynhildur Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG.

Fundarefni:

1. Ársreikningur 2017

Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG lagði fram ársreikning 2017 sem var yfirfarinn samþykktur og undirritaður.

2. Gjafir til safnsins

Guðrún Tryggvadóttir vill færa safninu að gjöf málverkið *Formæðraherinn*, sem var á sýningunni Verulegar í safninu fyrr á árinu. Stjórnin þiggur gjöfina sem er án allra kvaða og þakkar hlýhug í garð safnsins.


Tumi Magnússon vill gefa safninu verkið sitt *Blóm* í tölvutækri útgáfu. Um er að ræða þrjú blóm sem unnin voru sérstaklega fyrir sýningu í safninu árið 2004. Ef þau verða sýnd á ný þá þarf að prenta þau á sjálflímandi hvíta víníl-fólíu eins og gert var árið 2004.

Stjórnin þiggur gjöfina sem er án allra kvaða og þakkar hlýhug í garð safnsins.


3. Önnur mál

Forstöðumaður fór yfir starfið framundan m.a. List fyrir alla sjá einnig á heimasíðu LÁ.


Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00



Aldís Hafsteinsdóttir



Unnsteinn Eggertsson



Brynhildur Jónsdóttir



Inga Jónsdóttir